

Hvernig á ég að breyta og hvers má ég vona?¹

Um von og vonleysi í guðfræðilegri og siðfræðilegri orðræðu um loftslagsbreytingar

Inngangur

Sú siðferðilega krafa hvílir á mannkyni nú um stundir að gera allt sem í þess valdi stendur til að hindra frekari hitahækkun á jörðinni. Krafan um aðgerðir fær stuðning í niðurstöðum nýrrar skýrslu milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna en þar kemur fram að staðan nú sé orðin slík að ekkert minna en byltingarkenndra breytinga sé þörf á samfélags- og efnahagskerfum heimsins ef hlýnun jarðar eigi ekki að fara endanlega úr böndum og valda stórkostlegu tjóni fyrir lönd og lýð.²

Loftslagsbreytingar af mannavöldum eru ekki stærsta vandamál okkar tíma heldur allra tíma. Enn frekari hitahækkun mun samkvæmt skýrslunni herða á tegundadauða, stuðla að hækkun sjávarborðs, auka líkur á hitabylgjum, flóðum, stormum, uppskerubresti, bleikingu kóralrifja og hruni fiskistofna svo að eitthvað sé nefnt.³ Í skýrslunni er lagt mat á það hvort markmiðum milliríkjanefndarinnar og Parísarsamkomulagsins (2015) um loftslag jarðar verði náð en eins og alkunna er gengu þau markmið út á að halda hlýnun jarðar innan við 1,5 gráður, miðað við meðalhita fyrir daga iðnbyltingar. Niðurstaða skýrslunnar er neikvæð hvað það varðar og byggist matið á því að það markmið sé óraunhæft þar sem hlýnun jarðar hafi nú þegar aukist um sem næst einni gráðu og losunin haldi enn áfram að aukast.⁴ Niðurstaðan er sú að hlýnunin gæti náð þremur eða jafnvel fjórum gráðum í náinni framtíð ef haldið verður áfram á sömu braut og það myndi hafa í för með sér að feikistór landsvæði á jörðinni yrðu óbyggileg mönnum.

Það sem enn eykur á alvöru skýrslu milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna er tímabátturinn. Tíminn til að taka til verka er senn úti. Stjórnmalaleiðtogar og aðrir stefnumótandi aðilar í heiminum hafa flotið sofandi að feigðarósi, hugsanlega í bjartsýni og von um að finnast myndu tæknilegar lausnir sem yrðu til þess að vinda ofan af vandamálinu. Það hefur ekki gerst og ákaflega ólíklegt er að það muni gerast í náinni framtíð. Eins og sést eru áherslur skýrslunnar bæði siðferðilegar og samfélagslegar og beinast að stjórnvöldum jafnt sem almenningi en sam-

¹ Titillinn er tilvísun í útgöngubæn safnaðarins í dæmigerðri messu kristinnar kirkju. Þar er ekki haft spurningarmerki eins og hér heldur þakkar söfnuðurinn fyrir að vera minntur á það í messunni hvernig hann eigi að breyta og hvers hann megi vona. Sjá *Handbók íslensku kirkjunnar*, Reykjavík, 1981, bls. 38.

² *IPCC Special Report on Global Warming of 1.5° 2018*. (Skýrsla milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um hlýnun jarðar um 1,5 gráðu 2018), sótt 8. október 2018 af: http://report.ipcc.ch/sr15/pdf/sr15_spm_final.pdf.

³ *IPCC Special Report*, bls. 8–12.

⁴ Sama heimild, sama stað.

kvæmt skýrslunni verða báðir aðilar að grípa til hnitmiðaðra, róttækra og tafarlausra aðgerða áður en það verður of seint.

Fleiri og fleiri gera sér grein fyrir hinni vistfræðilegu kreppu í samtímanum sem tengist breytni mannkyns á jörðinni. Það á ekki síst við um fræðasvið guðfræði og guðfræðilegrar siðfræði. Hinn náttúrulegi heimur, sem kallast Guðs góða sköpunarverk í kristnum boðskap og trúarritum, var sígilt umfjöllunarefni guðfræðinnar í fornöld og fram á miðaldir.⁵ Kristin rit og kristinn samtímaboðskapur leggja mikið upp úr jarðmiðlægum stefjum eins og holdtekjunni, þar sem heimurinn verður hold og sameinast lifandi efni heimsins, upprisu líkamans sem tjáir eilíft gildi hins holdlega, kvöldmáltíðinni, þar sem að brauð og vín sem búin eru til úr hveiti og þrúgum þjappa fólki saman í samfélag með hinu guðlega og voninni um að framtíðin muni færa hina náðarsamlegu endurlausn sem hefur þegar átt sér stað í Kristi. Því er það síður en svo langsótt að guðfræðingar samtímans líti á loftslagsbreytingarnar sem trúarlegt og guðfræðilegt viðfangsefni.

Að undanfögnu hafa fjölmargir guðfræðingar helgað skrif sín málefnum loftslagsbreytinga og lagt áherslu á hagnýta aðkomu guðfræðinnar að þeim. Jürgen Moltmann er meðal þeirra en hann er þekktur fyrir næma túlkun sína á hinni kristnu von.⁶ Í bókinni *Ethics of Hope* (2012) gefur hann innsýn í klassíska, kristna hugsun um von sem einkennist af hvoru tveggja: næmri skynjun og skynsemi. Ferli vonarinnar lýsir hann svo að vonin tendri og vekir skilningarvitin svo að manneskjan skynji möguleika þess sem hún væntir en sá eiginleiki skilji á milli þess sem hann kallar virka von og óvirka biðstöðu. Þegar öll skilningarvit séu vakin og upptendruð komi skynsemin inn sem eins konar vagn sem flytji þekkingu á breytingum. Þá skynjum við ekki aðeins kringumstæðurnar eins og þær hafa æxlast, skrifar Moltmann, eins og þær eru nú, heldur eins og þær gætu orðið í framtíðinni og hvetur til þess að lítið skuli á allar kringumstæður sem fljótandi fremur en kyrrstæðar því að þannig getum við betur gert okkur grein fyrir möguleikunum á breytingum í jákvæða átt.⁷

Í þessari grein verður byrjað á að líta til baka til liðlega fjörutíu og fimm ára gamalla rannsókna sem fluttu varnaðarorð um framtíðina en spegill tímans sýnir að þær boðuðu á vissan hátt þá loftslagsógn sem við stöndum frammi fyrir nú. Hér á ég við hina víðþekktu bók *Endimörk vaxtarins* frá árinu 1972 en hún byggðist á rannsóknum vísindamanna við Tækniháskóla Massachusetts sem hugleiddu spurninguna um hvernig mannkyni myndi farnast í heimi sem einkenndist af takmörkuðum gæðum en sæktist eftir takmarkalausum hagvexti.⁸ Með því að draga upp mismunandi sviðsmyndir var þar lýst ógnvænlegri þróun mála í

⁵ Mikilvægt er að halda því til haga að í trúarritum Gyðinga, sem kristnin mótaðist af í byrjun, er alltumvefjandi nálægð hins náttúrulega heims ætíð til staðar. Ekki aðeins kallaðist hinn náttúrulegi heimur Guðs góða sköpunarverk heldur á hann hlutdeild í bæði blessun hins mannlega sáttmála og bölvun dómsins þegar sá sáttmáli er brotinn.

⁶ Jürgen Moltmann, *God in Creation: Creation and the Spirit of God*, þýð. Margaret Kohl, Minneapolis: Fortress Press, 1985; sami höfundur, *Theology of Hope: On the Ground and the Implications of a Christian Eschatology*, þýð. Margaret Kohl, Minneapolis: Fortress Press, 1993. Í fyrri bókinni er meginstefið sköpunin en eskatólógían í þeirri síðari.

⁷ Jürgen Moltmann, *Ethics of Hope*, þýð. Margaret Kohl, Minneapolis: Fortress Press, 2012, bls. 3.

⁸ Donella H. Meadows, Dennis L. Meadows, Jørgen Randers og William W. Behrens III, *The Limits to Growth: A Report for the Club of Rome's Project on the Predicament of Mankind*, New York: Universe Books/London: Earth Island Limited, 1972. Íslensk þýðing: *Endimörk vaxtarins: Þáttur í rannsókn Rómarsamtakanna á ógöngum mannkynsins*, Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins, 1974. Þorsteinn Vilhjálmsson þýddi meginhluta verksins, Inngang og 1.–5. kafla en Finnþógi Guðmundsson þýddi kaflana Fylgt úr hlaði og Að lokum.

heiminum ef ekki yrði tekið í taumana og leiðinni áfram breytt. Tímaspönnin sem rannsóknin tók til var eitt hundrað og þrjátíu ár eða um það bil frá árinu 1970 — fram til ársins 2100. Fimm samverkandi þættir voru skoðaðir sem allir voru taldir hafa mikil áhrif á framtíðina: fólksfjölgun, matvælaframleiðsla, iðnvæðing, þurrð náttúruauðlinda og mengun.

Nýlega gaf einn höfunda *Endimarkka vaxtarins*, Jørgen Randers, út bókina 2052 þar sem hann nýtir þekkingu sína og reynslu til að spá fyrir um framtíðina, nánar tiltekið tímabilið 2012 til 2052.⁹ Síðari bókinn kom út á fjörutíu ára afmæli *Endimarkka vaxtarins* (2012) og má segja að í henni endurómi ekki aðeins sömu varnaðarorð og fyrr heldur einnig helstu þættir framtíðarspár nýjustu skýrslu milliríkjanefndar SP.¹⁰ Höfundurinn lítur í baksýnispegilinn sem nemur árunum sem liðin eru frá útgáfu fyrri bókarinnar, ásamt því að líta til framtíðar um samsvarandi árafjölda.¹¹ Með varnaðarorð þessara heimilda í farteskinu en jafnframt spurningar um von verður í síðari hluta greinarinnar bryddað upp á samtali við kristna guðfræðilega, siðfræði um loftslagsvandann. Í þremur stuttum dæmum verður gefin innsýn í hvernig samtímaguðfræðingar hafa tekist á við umhverfisvandann sem nú er almennt vísað til sem loftslagsbreytinga af mannavöldum og hvernig má tengja þá umfjöllun von. Hvað hefur kristin umhverfis- og vistsiðfræði fram að færa andspænis loftslagsvandann? Hvernig eigum við að breyta og hvers megum við vona?

Endimörk vaxtarins

Um 1970 varð til hópur vísindamanna við Tækniháskólann í Massachusetts¹² sem ásetti sér að rannsaka hinn „sívaxandi háska, sem mannkyninu er búinn af mörgum samslungnum vandamálum“.¹³ Hver var þá hinn mikli háski? Svarið við því birtist okkur í loftslagsbreytingum samtímans en vísindamennirnir lýstu yfir miklum áhyggjum af neikvæðum afleiðingum umsvifa mannsins á umhverfið og náttúruna og þeirri nútímaþróun sem ekki hefði styrkt líf mannkyns á jörðinni heldur þvert á móti gert það veikara og vanmáttugra.¹⁴

Í inngangi *Endimarkka vaxtarins* segjast höfundar uggandi um framtíð mannkynsins. Ástæðan sé sú atburðarás sem hleypt hafi verið af stað af kappi frekar en forsjá og er þar vísað til stórfelldrar athafnasemi mannsins í heiminum og áhrifa hans á umhverfi og náttúru. Þessi vandi kallast *heimsvandi* í bókinni en helstu birtingarmyndir hans eru sagðar vera niðurníðsla umhverfisins, stofnanakreppa, taumlaus vöxtur borga, óstöðug atvinna, verðbólga, glundroði í efnahagsmálum ásamt

⁹ Jørgen Randers, *2052: A Global Forecast for the Next Forty Years*, White River Junction: Chelsea Green Publishing, 2012. Randers er eðlisfræðingur og sérfræðingur á sviði mengunar.

¹⁰ Randers leggur áherslu á að ekki sé hægt að bera bækurnar saman, í þeirri fyrri hafi birst mismunandi sviðsmyndir (e. *images*) en í þeirri síðari sé spá (e. *forecast*).

¹¹ Eins og gengur hefur átt sér stað nokkur hugtakaþróun síðan 1972. Hugtakið *image* sem notað var í *Limits to Growth* var þýtt á íslensku sem ímynd á sínum tíma (ekki *líkan*). Í dag er frekar talað um *sviðsmyndir* um sama fyrirbæri (e. *scenario analysis*), sbr. túlkun Randers sjálfs í bókinni 2052 en þar segir hann að í *Endimörkum vaxtarins* hafi verið byggt á *scenario analysis* en ekki *forecast* eins og gert sé í nýju bókinni.

¹² Vísindamennirnir tengdust Rómarsamtökunum en þau samanstóðu af hópi einstaklinga úr öllum heimsálfum.

¹³ Donella H. Meadows o.fl., *Endimörk vaxtarins*, bls. 11.

¹⁴ Sama heimild, bls. 17.

ýmsu fleira.¹⁵ Rannsakaðir voru fimm samtengdir þættir sem allir voru taldir hafa áhrif hver á annan en þeir voru: fólksfjölgun, matvælaframleiðsla, iðnvæðing, þurrð náttúruauðlinda og mengun. Markmiði rannsóknarinnar var lýst svo: „Við vildum kanna, hve langt yrði komist að óbreyttu umræddu viðhorfi til vaxtarins, miðað við endanlega stærð jarðarinnar og við brýnustu þarfir verðandi heims-samfélags — allt frá því að draga úr félagslegum og stjórn málailegum átökum og til þess að auka lífsgæði öllum til handa.“¹⁶

Eins og ráða má af ofansögðu er óheftur vöxtur meginviðfangsefnið sem tekist er á við í rannsókninni. Vöxtur, eða réttara sagt veldisvöxtur, er kjarnahugtak bókarinnar og benda höfundarnir á ógnvænleg dæmi um hann um veröld víða.¹⁷ Segja má að öll þau fyrirbæri sem rannsóknarhópurinn beindi sjónum að, s.s. fólksfjölgunin, matvælaframleiðslan, iðnvæðingin, ágangur á náttúruauðlindir og mengun hafi verið í miklum vexti þegar rannsóknin var gerð. Nefna má fólksfjölgunina sérstaklega en af henni höfðu rannsakendurnir einna mestar áhyggjur. Samkvæmt útreikningum þeirra hafði fólki frá því um 1650 fjölgað eftir veldis-lögmáli og því þarf ekki að koma á óvart að ein niðurstaða rannsóknarinnar hafi einmitt verið sú að ef ekki kæmi til stórkostlegra breytinga stefndi í fólksfjölgun sem væri langt umfram efnislegar takmarkanir og endanleika jarðarinnar. Slíkt hefði hörmulegar afleiðingar því fyrr eða síðar kæmi að því að jörðin gæti ekki borið hinn mikla fólksfjölda.¹⁸

Lýsir þessi bók ekki tómu vonleysi? Ræður ekki örvæntingin för? Því vil ég ekki svara alls kostar játandi. Í *Endimörkum vaxtarins* haldast næmi fyrir þáverandi kringumstæðum og skynsemi í hendur. Sterk varnaðarorð bókarhöfunda voru viðhöfð vegna þess að menn trúðu á mátt skynseminnar og vonuðust til að heimsbyggðin nýtti hana til réttra viðbragða og verka. Sé tekið mið af vonarskilningi Moltmanns hér að framan má jafnvel ganga svo langt að segja að í *Endimörkum vaxtarins* hafi verið borin fram von og trú á mannkynið, trú á getu þess til virkni og aðgerða andspænis mikilli ógn.

Hvernig má skýra það að siðferðileg varnaðarorð *Endimarkka vaxtarins* náðu ekki eyrum réttra aðila, þ.e. þeirra sem höfðu völd og aðstöðu til breyta heiminum? Var ákveðið að taka áhættuna og hundsa svo óspennandi framtíðarspá? Hvert sem svarið við þessum spurningum er kemur í ljós við nánari skoðun að höfundarnir sjálfir höfðu ekki nema takmarkaða trú á því að hægt væri að vinda ofan af hinni röngu þróun. Það átti að mestu leyti sínar skýringar í „töf vistkerfisins“ en það hugtak merkir að hið gríðarlega flókna vistkerfi bregst ekki tafarlaust við mannlegum umsvifum heldur geymir þau um langa hríð í iðrum sínum, ef svo má að orði komast. Þetta gerir það að verkum að langur tími líður þar til afleiðingar manlegra afhafna á náttúruna koma fram. Þegar þær loks blasa við er hætt við að það sé orðið of seint að bregðast við. Höfundar *Endimarkka vaxtarins* bentu ekki

¹⁵ Sama heimild, bls. 16.

¹⁶ Sama heimild, bls. 207.

¹⁷ Sama heimild, bls. 33. Á Vísindavefnum kemur fram eftirfarandi skilgreining á veldisvexti. „Veldisvöxtur kallast það þegar stærð vex á hraða sem er í beinu hlutfalli við stærðina sjálfa. Eftir því sem stærðin er meiri, því hraðar vex hún. Veldisvöxtur lýsir því stækkun þar sem vöxturinn er hraðari eftir því sem hluturinn er stærri“, Vísindavefurinn: Hvað er helmingunartími, <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=5663>, sótt 14. nóvember 2018.

¹⁸ Sama heimild, bls. 39.

aðeins á þetta heldur reiknuðu með viðbótartöf sem fólst í því að mannkynið þyrfti tíma til að viðurkenna háskann og velta honum fyrir sér. Einnig það ferli yrði langdregið, finna þyrfti viðeigandi lausnir, útfæra þær og loks raungera. Töfin, bæði vistkerfistöfin og hin manngerða, myndi því ófrávíkjanlega bjóða upp á ástand sem hópurinn nefndi ofvöxt (e. *overshoot*) en það merkir að farið yrði langt yfir strikið í nýtingu á náttúrunni og gæðum hennar áður en mannkyn áttaði sig almennilega á hvað væri á seyði. Slíku ofvaxtarástandi yrði aldrei viðhaldið nema í ákveðinn tíma, fyrr eða síðar kæmi að því að velja yrði milli tveggja leiða: stýrðrar hnignunar (e. *managed decline*) þar sem fundnar yrðu nýjar leiðir lífshátta og hegðunar eða algers hruns (e. *collapse*) en forsendur fyrir því ástandi töldu rannsakendurnir að myndu skapast um miðja 21. öld.¹⁹

Í ljósi alls þessa væri líklega nær að tala um vonleysi fremur en von í *Endimörkum vaxtarins*. Því vil ég þó halda opnu enn um stund. Því verður engu að síður tæpast á móti mælt að flest áhyggjuefni rannsóknarhópsins eru komin fram. Það sést í hinum margvíslegu birtingarmyndum loftslagsbreytinganna á svo gott sem hverjum degi. Mannleg afrek og vísindaframfarir virðast langt því frá hafa skilað mannkyni betri heimi á þeim tæpu fimmtíu árum sem liðin eru frá útkomu bókarinnar. Undir það tekur Jørgen Randers en hann var, eins og áður er nefnt, einn af fjórum aðalhöfundum bókarinnar. Ég sný mér næst að framtíðarspá hans.

Tvö þúsund fimmtíu og tvö

Þegar Jørgen Randers lítur til baka árið 2012 og hugleiðir meginniðurstöður *Endimarkna vaxtarins* segist hann standa við þær að langmestu leyti.²⁰ Randers hnykkir á því að flestar langtímagreiningar á framtíðinni nú um stundir lýsi sviðsmyndum frekar en að þær gefi sig út fyrir að vera raunverulegar spár (e. *forecast*).²¹ Í bók hans 2052 sé hins vegar um þess konar spá að ræða og samtímis megi líta á hana sem útfærslu á einni sviðsmynd *Endimarkna vaxtarins*, nefnilega þeirri sem snerist um ofvöxt og hnignun. Mat hans nú er að mannkyn sé statt í fasa ofvaxtar sem lýst var hér að framan.²² Heimurinn stefni hraðbyri inn í mikla kreppu sem sé til komin vegna aðgerðaleysis andspænis loftslagsvandannum.

Lítum á það helsta í spá Randers. Hvað mun eiga sér stað í heiminum næstu þrjá til fjóra áratugina, að hans mati? Svar hans er í mörgum liðum. Í fyrsta lagi segir hann að aðlögunin að loftslagsbreytingunum muni halda áfram og hún sé víða hafin. Áhersla verði lögð á að takmarka vistspor mannkyns með ýmsu móti. Draga muni úr fólksfjölgun á heimsvísu ásamt vergri heimsframleiðslu en allt þetta telur hann að muni ekki gerast með virkri stýringu heldur muni þættir eins og minnkandi frjósemi eiga sér stað vegna aukinnar borgarvæðingar þar eð fólk í borgum eignast almennt færri börn en fólk á landsbyggðinni. Þá muni ýmiss konar framleiðsla á vörum minnka vegna samfélagslegra hræringa og fátækt verði vandamál um tveggja milljarða manna í heiminum. Samtímis spáir hann umtalsverðum

¹⁹ Sama heimild, bls. 201–205.

²⁰ Jørgen Randers, 2052, bls. xiv.

²¹ Sama heimild, bls. 301–302.

²² Sama heimild, bls. 311.

hagnýtum framförum sem tengjast meðferð auðlinda og vistvænum aðferðum og lausnum á því sviði. Allt þetta má skrifa á jákvæðan reikning. Hvað þá með hinn neikvæða? Stutta svarið er að þar situr Randers fast við sinn keip, sé tekið mið af boðskap *Endimarka vaxtarins*. Skilningur hans hefur ekki breyst hvað varðar tregðulögmálið. Mannkyn hefur brugðist allt of seint við loftslagsbreytingunum, segir hann, sem hefur þær afleiðingar að barnabörn okkar sem nú lifum munu að öllum líkindum neyðast til að semja sig að breyttum og mun verri lífskjörum vegna ört vaxandi hitastigs í heiminum með öllum þeim hörmungum sem því fylgja. Lítum á atriðin í spá Randers sem nær frá 2012 fram til ársins 2052 en hann setur hana fram í tíu liðum í mjög knöppum texta.²³

- Fólksfjölgun mun staðna fyrir en áætlanir gera ráð fyrir nú, vegna minni frjósemi sem tengist aukinni borgarvæðingu. Mannfjöldi í heiminum nær hámarki rétt um 2040 og verður mestur um 8,1 milljarður manna, eftir það dregur úr honum.
- Verg heimsframleiðsla kemur til með að vaxa hægar en spár gera ráð fyrir nú og helst það í hendur við að fólki hættir að fjölga eins hratt og hingað til. Um 2052 hefur heimsframleiðslan rúmlega tvöfaldast (frá 2012).
- Framleiðsla vex hægar en hún hefur gert á undanförunum áratugum vegna mettunar í hagkerfinu, bæði vegna átaka í samfélaginu og vegna neikvæðra áhrifa af völdum öfga í veðurfari.
- Neyslan mun ekki aukast eins hratt og áður vegna nauðsynjar þess að verja sífellt meiri fjármunum til að leysa vandamál sem tengjast auðlindaþurrð, mengun, loftslagsbreytingum, tapi á líffræðilegum fjölbreytileika og ójöfnuði. Hnatræn neysla á vörum og þjónustu nær hámarki árið 2045.
- Framangreindar lýsingar á ýmsum þáttum gera að verkum að ekki er hægt að lýsa ástandinu í heiminum sem beinlínis háskalegu fyrir árið 2052. Samt sem áður verður allt of mikið um ónauðsynlegar þjáningar vegna skaða af völdum loftslagsbreytinga um miðja öldina.
- Skortur á kraftmiklum aðgerðum á fyrri helmingi 21. aldar mun koma heiminum á hættulega braut sem liggur í átt að óviðráðanlegri hlýnun jarðar á síðari hluta aldarinnar.
- Hægur vöxtur í neyslu miðað við höfðatölu í stórum hluta heimsins og stöðnun í ríkari hluta hans mun auka félagslegan óróa og átök og mun þar að auki draga úr skipulegum vexti framleiðslu.
- Skammtímahugsun kapítalisma og lýðræðis verður til þess að viturlegar ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til langframa verða ekki teknar í tíma.
- Fólk mun halda áfram að flykkjast til borganna og ein afleiðing þess verður skortur á því að náttúran njóti verndar þegar landsvæði fara í eyði.
- Áhrif þessarar þróunar mun hafa mismunandi áhrif eftir svæðum á jörðinni: hinir ríku munu njóta lífsins enn um stund en um það bil tveir milljarðar fátæks fólks mun sitja eftir á botninum.
- Sá hópur sem mestu tapar verður sá sem nýtur efnahagslegra forréttinda en hann býr nú að mestu í Bandaríkjunum Norður-Ameríku. Á því svæði verður hins

²³ Hér á eftir fylgi ég samantekt Randers í lok bókar hans 2052, bls. 355–356.

vegar stöðnun en Kínverjum mun farnast betur og það sama á við um íbúa Brasilíu, Rússlands, Indlands og Suður-Afríku og tíu önnur vaxandi hagkerfi. Á botninum mun fátækasti hlutinn sitja. Allt mannkyn mun búa við vaxandi félagslegan óróa og átök í stórsködduðum heimi vegna loftslagsbreytinga.

- Árið 2052 verður mjög mismunandi um að litast í heiminum, viðhorf og vandi á fimm helstu efnahagssvæðunum verða með mjög ólíkum hætti.

Manneðlið

Massachusetts-hópurinn biðlaði til ríkisstjórna jafnt sem einstaklinga um að taka upp nýjan hugsunarhátt „er leiði til rækilegrar endurskoðunar mannglegrar breytni og þar með allrar þjóðfélagsgerðarinnar nú á dögum“.²⁴ Það sem þurfti að breytast var að „menn átti sig á því, að þeir geta ekki endalaust gengið í skrokk á jörðinni, og sjái, hve hörmulega muni fara, verði stöðugt gengið á það lagið“.²⁵ Í þessum beittu orðum birtist fremur bölsýnn mannskilningur hópsins: Mannleg breytni ein-kennist af ásælni og fyrirhyggjuleysi. Skammtímasjónarmið og stundargróði ráða för. Mannkyn gengur allt of freklega fram gagnvart jörðinni og náttúruauðlindum hennar og ef áfram er haldið á sömu braut mun illa fara. Áratugirnir fjórir sem liðnir eru frá því að *Endimörk vaxtarins* kom út sýna að áhyggjur rannsóknarhópsins voru síst yfirdrífna. Það hefur fengist rækilega staðfest í nýjustu loftslagsskýrslu milliríkjanefndar SP, sem og spá Jørgens Randers frá 2012 í bókinni *2052*.

Ritin þrjú sem hér hefur verið fjallað um varða öll siðferðilega og samfélagslega nauðsyn þess að mannkyn grípi til róttækra aðgerða í því skyni að afstýra óbætangelegu tjóni á jörðinni sem sé tilkomið vegna ógætlegs framferðis og athafna manna gagnvart náttúrunni. Í skýrslu milliríkjanefndarinnar var talað um tímaþröng og nauðsyn byltingarkenndra breytinga á samfélagsgerðum og efnahagskerfum heimsins. Í *Endimörkum vaxtarins* og *2052* voru stórlega dregnir í efa möguleikar mannkyns til að gera hið rétta, á réttum tíma og á réttan hátt. Þá virðist trú Randers á manneðlið á tímabilinu 1972 og 2012 hafa dofnað verulega. Óhætt er að segja að hann eigi sér skoðanabróður í einum þekktasta heimspekingi sautjándu aldar, Tómasi Hobbes (1588–1679), en sá hefur lagt fram drjúgan skerf til þekktra viðhorfa um manneðlið í vestrænni menningu. Hvað er það sem ræður hegðun mannsins að mati Hobbes og hvernig má tengja það tregðunni á réttum viðbrögðum mannsins, skoðun sem finna má stað í ritunum þremur sem hér eru til umfjöllunar?

Tómas Hobbes fór ótroðnar slóðir í skrifum sínum á sautjándu öld er hann leitaðist við að skýra hegðun manna. Í stað þess að byggja á tilgangshyggju Forn-Grikkja og siðfræði Aristótelesar sem gekk út á að kenna manninum að rækja náttúrulegt hlutverk sitt í heiminum leitaði hann nýrra hugmynda í eðlisfræði Galíleós (1564–1642). Undirstöðuatriði hjá Galíleó var einmitt tregðulögmálið og það nýtti Hobbes sér til að lýsa „gangverki“ manneðlisins.²⁶ Grundvallartilhneig-

²⁴ Donella H. Meadows o.fl., *Endimörk vaxtarins*, bls. 213.

²⁵ Sama rit, sama stað.

²⁶ Ég fæ þetta hugtak að láni frá Vilhjálmí Árnasyni í bók hans *Farsælt líf, réttlátt samfélag: Kenningar í siðfræði*, Reykjavík: Heimskringla, Mál og menning, 2008, bls. 66.

ingar mannsins eru langanir og andúð, staðhæfði Hobbes og útskýrði hvernig maðurinn ýmist drægist að eða hörfaði undan fyrirbærum í heiminum, allt eftir því hvort þau vektu með honum löngun eða óbeit. Undirrót þessa ölduróts væri sjálfsbjargarviðleitnin, að mati Hobbes, sem réði lögum og lofum í breytni og dómum manna.²⁷

Sú breyting sem á sér stað með hugmyndum Hobbes felst í því að í stað þess að leggja áherslu á manneskjuna sem siðferðilega skynsemisveru lítur hann á hana sem „kerfi efniseininga sem lúta lögmálum edlisfræðinnar“.²⁸ Hið góða er ekkert fast í hendi heldur ræðst það af því hvort manneskjuna langar í það eða ekki. Hið sama gildir um hið illa, það er það sem menn forðast. Gott og illt er afstætt og ræðst af hagsmunum sem byggjast á löngunar- og andúðartilfinningum.

Þessi sautjándu aldar lýsing Hobbes á hreyfiðflum manneðlisins þykir úrelt að miklu leyti í dag. Samt er eins og eimi sitthvað eftir af slíkum mannskilningi í *Endimörkum vaxtarins* og þá ekki síður í 2052. Svipaðar hugleiðingar og þær sem Hobbes var með má finna víðar, t.d. í nýlegum skrifum fræðimanna á sviðum heilbrigðis-, mann- og félagsvísinda.²⁹ Dæmi um það er Georg Marshall sem byggir hugmyndir sínar á þróunarlíffræði er hann færir rök fyrir því að þróun manneskjunnar sýni að hún sé fyrst og fremst fær um að bregðast við háska sem snýr að nánustu fjölskyldu. Það telur hann vera skýringuna á því að fólk í stórborgum eigi oft erfitt með að samsama sig erfiðum aðstæðum fólks sem býr langt í burtu. Maðurinn bregst aðeins við þegar kemur að því að vernda eigin nærsamfélag, skrifar Marshall, og leggur svo til að unnið verði að því að styrkja tilfinningu fólks fyrir því að tilheyra einu og sama heimssamfélaginu.³⁰

Hugmyndir Clives Hamilton eru annað dæmi um fremur kyrrstæðan og jafnvel bölsýnan mannskilning, en hann er ástralskur siðfræðiprófessor sem skrifað hefur fjölda greina og bóka sem tengjast loftslagsvandinum. Ein meginspurning hans er einmitt af hverju mannkyn hafi staðið svo lengi gegn sannleikanum um loftslagsbreytingarnar.³¹ Að hans mati er það sálræn gerð mannsins sem á stærstan þátt í viðbragðsleysinu, en líka hroki, græðgi, efnishyggja og aðgreining mannsins frá náttúrunni á síðustu öldum. Hamilton telur að flestir viðurkenni loftslagsbreytingar vitsmunalega en ekki tilfinningalega. Honum finnst allt of mikið gert úr skynsemi mannsins en aðgerðaleysið andspænis loftslagsbreytingunum sýni svart á hvítu að við stöndum frammi fyrir mun sterkari öflum en svo að skynsemin ein sé við völd.³²

Gegn þessum viðteknu viðhorfum til manneðlisins og skynseminnar má tefla bandaríska heimspekingnum Mary E. Clark en hún andæfir hefðbundnum vest-rænum mannskilningi, ættuðum að verulegu leyti frá Tómasi Hobbes og spor-

²⁷ Thomas Hobbes, *Leviathan*, útg. Michael Oakshott, London: Collier-Macmillan, 1962.

²⁸ Vilhjálmur Árnason, *Farsælt líf, réttlítt samfélag*, bls. 66.

²⁹ Per Espen Stoknes, *What We Think About when We Try not to Think About Global Warming: Toward a New Psychology of Climate Action*, White River Junction: Chelsea Green Publishing, 2015.

³⁰ George Marshall, *Don't even Think About IT: Why Our Brains Are Wired to Ignore Climate Change*, New York, London: Blumesbury, 2014, bls. 7.

³¹ Clive Hamilton, *Requiem for a Species: Why We Resist the Truth About Climate Change*, London, Washington D.C.: Earchscan, 2010; *Earth Masters: The Dawn of the Age of Climate Engineering*, New Haven, London: Yale University Press, 2013.

³² Clive Hamilton, *Requiem for a Species*, bls. 95–133.

göngumönnum hans innan sálfræði og annarra fræðigreina.³³ Í áhugaverðum skrifum hennar má finna vörn gegn nauðhyggju varðandi sjálflægt eðli mannsins og um leið hófsama bjartsýni á getu hans til góðra verka en þetta tvennt tel ég rétt að leitast við að hafa í sem bestu jafnvægi í allri umfjöllun um manneskjuna og eðli hennar. Clark tengir frumþarfir mannsins við tengsl, sjálfræði og tilgang og segir frelsið mikilvægasta gildið í því samhengi. Að því leyti má finna samhljóm við það sem ég kalla kristinn mannskilning en það er sá mannskilningur þar sem syndugt manneðlið er viðurkennt en maðurinn jafnframt kallaður til ábyrgðar á sjálfum sér og umhverfi sínu. Góð lýsing á þeim mannskilningi kemur fram í skrifum guðfræðingsins James B. Nelson sem leggur áherslu á að manneðlið sé ekki kyrrstætt og endanlega afráðið heldur séu manneskjur ætíð í „verðandi“ (e. *human becomings*), háðar sögunni en um leið í gagnvirkum tengslum við samtíðina.³⁴ Þetta er sá þráður sem lengst af hefur verið spunninn innan kristinnar siðfræði, vissulega í margs konar útgáfum og með miklum blæbrigðum. Manneðlið er ekki kyrrstætt og fyrir fram ákvarðað heldur einkennast kringumstæður mannsins af breytingum. Þannig fer hefðbundinn mannskilningur lútherskrar siðfræði bil beggja og ítrekar að maðurinn sé „kengboginn inn í sjálfan sig“, þ.e. sjálflægur og sjálfgóður en samtímis fær um að vinna að réttlæti í heiminum. Klassísk guðfræðileg rök fyrir þessum tvíbenta mannskilningi eru að maðurinn sé skapaður í Guðs mynd og þeirri mynd fylgi ábyrgð og heilindi innan ramma sköpunarverksins.

Þetta stef um möguleika mannsins til að taka til verka, breytast og eiga sér von hljómar víða í samtímasiðfræði mótmælenda nú um stundir.³⁵ Gott dæmi um það má finna hjá Jürgen Moltmann sem nefndur var í upphafi greinarinnar. Mikilvægt er að vekja fólki von, að fólk leyfi sér að vona og telji það mögulegt, hvað sem öllu líður. Ef við viljum að heimurinn haldi áfram að vera eins og hann er, gerum við ekkert. Ef við hins vegar vonumst eftir annars konar framtíð, hefjumst við handa um að breyta heiminum í samræmi við það. Undir slíkan skilning á manninum vil ég taka. Mannkynið og heimurinn sem við búum í eru í stöðugri þróun. Með því á ég ekki við stöðuga og jákvæða framför heldur legg á það áherslu að þróun síðustu áratuga í heiminum hefur á mörgum sviðum verið afturför frekar en framfarir. Loftslagsbreytingarnar eru dæmið því til sönnunar. Við skyldum ekki aðhyllast blinda þróunartrú heldur vera sífellt gagnrýnin á þann veruleika sem við lifum í og hugleiða breytingar á honum til batnaðar. Loftslagsbreytingarnar í heiminum eru sannarlega dæmi um neikvæða þróun sem mannkyni ber siðferðileg skylda að bregðast við með öllu því innsæi og mannviti sem mannkyn býr yfir. Því læt ég það ekki eftir mér að horfa bölsýnum augum nauðhyggjunnar á heiminn og umhverfið, líkt og arfleifið Hobbes og sporgöngumanna hans gefur tilefni til. Við þurfum að breytast, breyta hegðun okkar og framferði gagnvart jörðinni og

³³ Mary E. Clark, *In Search of Human Nature*, New York: Routledge, 2002, bls. 93–95. Clark byggir röksemdafærslu sína m.a. á atferlisrannsóknnum á primötum (þeirri tegund apa sem er skyldust manningum), genarannsóknnum, heilarannsóknnum, fornleifarannsóknnum ásamt sagnfræði- og samfélagsrannsóknnum.

³⁴ James B. Nelson, *Embodiment: An Approach to Sexuality and Christian Theology*, Minneapolis: Augsburg Publishing House, 1978.

³⁵ Hér væri hægt að vitna til fjölda lútherskra guðfræðinga en ég læt nægja að vitna í eigin skrif, „Að umfaðma hið óvenjulega: Lúthersk sýn á kynferðislegan marbreytileika og mannréttindi“, *Abrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2017, bls. 491–513.

náttúrunni, um það er ég sammála Jørgen Randers og félögum hans í *Endimörkum vaxtarins* og þá ekki síður höfundum nýjustu loftslagsskýrslu SP. Mannkyn verður að þroska með sér raunsæi, næmi og skynsemi til þess að tendra von í vonlitlum heimi loftslagsbreytinga — bera kennsl á kringumstæðurnar eins og þær eru nú en ekki síður eins og þær gætu orðið í framtíðinni.

Kristin loftslagsguðfræði — þrjú dæmi um von

Kristin trúarhefð hefur haft mikil og mótandi áhrif á vestrænan skilning á manni og heimi. Það á ekki síst við síðustu fimm áratugin en eftir 1970 varð mikil hreyfing meðal guðfræðinga sem þá hófu að bregðast við umhverfisógnum af miklum móð. Það kom m.a. til af því að árið 1967 birtist grein í vísindatímaritinu *Science* eftir miðaldasagnfræðinginn Lynn White Jr. (1907–1987) þar sem hann hélt því fram að helstu orsakir vistfræðilegra ógna í hinum vestræna hluta heimsins þá um stundir ættu sér kristnar rætur. Með tilstyrk kristinnar trúarhefðar hefði maðurinn verið álitinn drottari og yfirboðari náttúrunnar en uppruna þeirrar hugmyndar mætti rekja til kristindómsins, eða réttara sagt til frásagnanna um sköpun heimsins sem kristnir menn tóku í arf frá Gyðingum. Eins og svo margir aðrir velti White því fyrir sér hvað hægt væri að gera til að snúa hinni illu þróun við og endurheimta jákvæðan skilning á náttúrunni. Hann svaraði sjálfur eigin spurningu og sagði að enginn virtist hafa hugmynd um hvað til ætti bragðs að taka.³⁶

Eins og áður segir hleyptu skrif Whites af stað skriðu guðfræðilegra hugleiðinga á sviði umhverfis- og vistguðfræði. Femínísk guðfræði sem þá var á mótunarskeiði hoppaði strax á þann vagn. Einn þekktasti frumkvöðull femínískrar guðfræði, Rosemary Radford Ruether (f. 1936), var í fararbroddi með bók sína, *New Woman, New Earth*, (1975) og gekk á vissan hátt lengra en White því að hún bætti því við að karllæg yfirráð, kúgun og ofbeldi gagnvart konum hefðu haldist í hendur við ofbeldisfullt framferði valdamikilla karla gagnvart náttúrunni.³⁷ Svar hennar við spurningunni um hvað ætti að gera varðandi umhverfismálin var að litið skyldi til framtíðar. Velferð komandi kynslóða skyldi höfð að leiðarljósi í öllum aðgerðum en það fæli í sér að gera þyrfti nýjan sáttmála milli mannkyns og náttúrunnar þar sem náttúrunni væri ætluð jöfn staða til móts við manninn. Allur heimurinn þarf að undirgangast gagngera umbreytingu, áréttaði Ruether, og megnum við ekki að breyta honum rænum við komandi kynslóðir framtíðinni, ekki síst þau sem tilheyra kúguðum samfélagshópum.³⁸

Hið samsetta og kynjaða ábyrgðarstef Ruether gagnvart náttúrunni hefur hljómað með blæbrigðum innan kristinnar vistguðfræði æ síðan. Mannskilningur Ruether getur ekki kallast bjartsýnn en þrátt fyrir það trúir hún því að mannkyn geti lagt af sjónarmið skammsýni og stundargróða og litið til velferðar framtíðarkynslóða. Undirliggjandi er klassísk kristin grunnhugmynd um að guðsmynd

³⁶ „The Historical Roots of Our Ecologic Crisis“, *Science*, 655/1967, bls. 1203-1207.

³⁷ Rosemary Radford Ruether, *New Woman, New Earth: Sexist Ideologies and Human Liberation*, Boston: Beacon Press, 1995 [1975].

³⁸ Rosemary Radford Ruether, *Gaia and God: An Ecofeminist Theology of Earth Healing*, New York: HarperCollins Publishers, 1992; sami höfundur, *Sexism and God-talk: Toward a Feminist Theology*, Boston: Beacon Press, 1993; sami höfundur, *Integrating Ecofeminism, Globalization, and World Religions*, Lanham: Rowman & Littlefield Publishers, 2005.

mannsins feli í sér siðferðilega ábyrgð gagnvart náunganum sem tekur til allrar jarðarinnar með öllu því lífi sem hún hýsir. Ábyrgðarhlutann í manninum þarf stöðugt að rækta en manneskjan, ófullkomin eins og hún er, getur breytt rétt og unnið góð og kærleiksrík verk. Í þeim skilningi birtist von að mínu mati, í svipuðum anda og Moltmann talar um, von sem er virk og hvetjandi í vonlitlum aðstæðum. Illar og óréttlátar kringumstæður fá ekki að hafa síðasta orðið. Næm skynjun á aðstæðum ferjar skynsemina inn til samtals og samstarfs um breytingar og það vekur vonina.

Annað áhugavert andsvar úr ranni femínískrar vistguðfræði má kenna við Sallie McFague (f. 1933) en hún kynnti hugmynd sína um heiminn sem bústað og líkama Guðs fyrir meira en þrjátíu árum.³⁹ McFague hefur lagt áherslu á endurskoðun kristins mannskilnings og að maðurinn leitist við að skilja stöðu sína í heiminum og andspænis náttúrunni. Manneskjan er ekki kóróna sköpunarverksins í þeirri merkingu að hún sé yfirboðari hennar og drottari, ítrekar McFague í skrifum sínum, heldur er hún ábyrgðarfullur samverkamaður annarra lífvera sem allar eiga rétt á að lifa og dafna á jörðinni eins og maðurinn.⁴⁰

Mikilvæg forsenda skrifa McFague er sú að hugmyndir okkar um Guð, mann og heim hafi áhrif á breytnina, ekki síst hvernig við umgöngumst náttúruna. Hvort tveggja guðsmyndina og mannskilninginn þurfi að endurskoða og það er einmitt það sem hennar eigin guðfræðilega vinna undanfarna áratugi hefur gengið út á. Hún vill umbreyta skilningnum á manninum og Guði í vestrænni menningu og telur að sú vinna muni skila sér í breyttri og betri framkomu manna gagnvart jörðinni og náttúrunni. Skoðun McFague er sú að vægi framlags guðfræðilegrar vistguðfræði liggi fyrst og fremst á táknaðu sviði, það varði endurtúlkun menningarbundinna hugmynda og gilda. Með slíkri hugmyndavinnu geti guðfræðingar lagt sitt af mörkum í baráttunni fyrir verndun náttúrunnar.⁴¹

Skrif McFague sýna að hún hafnar hellenískri tvíhyggju efnis og anda. Guð er samofinn heiminum, skrifar hún, hann gerðist hold í Jesú Kristi, „hann bjó með oss“ (Jóh 1.14). Þessa guðsmynd réttir hún kristnu fólki í samtímanum sem þarf að takast á við krefjandi siðferðisspurningar í tengslum við hnattrænar loftslagsbreytingar. Guð er hér, mitt á meðal okkar á jörðinni. Veruleikinn er einn, það er ekkert uppi og niðri heldur er öll jarðartilveran gegnsýrð af nálægð Guðs. Samhliða þessari áherslu boðar hún ákaflega klassískan, kristinn mannskilning. Maðurinn er skapaður í mynd og líkingu Guðs en í því felst skírskotun til eiginleika eins og skynsemi, kærleika og ábyrgðar. Ábyrgð mannsins beinist að heiminum og öllu því lífi sem þar þrífst. Guð er með okkur hér á jörð, öll jörðin er full af hans dýrð.⁴²

³⁹ Sallie McFague lagði upphaflega grunninn að umhverfisguðfræði sinni í bókunum, *Metaphorical Theology: Models of God in Religious Language*, Philadelphia: Fortress Press, 1982, og *Models of God: Theology for an Ecological Nuclear Age*, London: SCM, 1987. Í bókinni *The Body of God: An Ecological Theology*, Minneapolis: Fortress Press, 1993, jók hún enn við vistfræðilegar áherslur og í bókinni *A New Climate for Theology: God, The World and Global Warming*, Minneapolis: Fortress Press, 2008, á hún í beinu samtali við nýútkomna skýrslu milliríkjanefndar SP (2007) um loftslagsbreytingar.

⁴⁰ Sallie McFague, *The Body of God*, bls. 99–129.

⁴¹ Sallie McFague, *A New Climate for Theology*, bls. 43–97.

⁴² Sallie McFague, *The Body of God*.

Það er ýmislegt nýstárlegt í vistguðfræði McFague. Til að vekja von í vonlitlum heimi smíðar hún líkinguna um heiminn sem líkama Guðs en með henni vill hún fá fólk til að líta jörðina nýjum augum. Jörðin er ekki forðabúr mannsins sem hann getur gengið í að vild heldur er hún heilagt sköpunarverk Guðs. Gegn græðgi og ofnýtingu, veraldlegum drottunarkerfum og yfirráðasiðfræði teflir hún hinum mjúka líkama sem allir skilja að þolir ekki mikið hnjask. Líkamslíkingin hvetur til varúðar og umhyggjusemi. McFague skrifar:

Við mætum Guði í heiminum — einkum og sér í lagi í holdi heimsins með því að fæða hina hungruðu, lækna hina sjúku — sem og þegar við leitumst við að græða sár jarðarinnar sem orsakast hafa af mannavöldum. Leynardómur holdtekjunnar tjáir að ekkert skapað er of aumt eða of líkamlegt, — meginatriði er að stuðla að því að sköpunarverkið blómstri. Við finnum Guð í umhyggju okkar og ást á jörðinni. Það er það sem á að vera verkefni okkar hér og nú. Loftslagsbreytingarnar eru því mikilvægt, trúarlegt verkefni. Að vera kristinn á okkar tímum felur í sér að bregðast við þeim.⁴³

Þriðja dæmið um kristna vistguðfræði þar sem leitast er við að bregðast við ógnunum vegna loftslagsbreytinga kemur úr smíðju Willis Jenkins.⁴⁴ Jenkins álitur það síður en svo augljóst að mannkyni muni auðnast að ráða við það verkefni sem það stendur frammi fyrir nú. Það merkir þó ekki að hann telji réttast að leggja árar í bát og gera ekkert. Síður en svo. Hann vill brjótast undan oki viðtekinna viðhorfa innan kristinnar siðfræði, þar sem að hans mati hefur verið meiri áhersla á nákvæma greiningu og heimspekilega röksemdafærslu en verkhyggju (e. *pragmatism*).⁴⁵

Jenkins varpar fram spurningunni um hvernig við tökumst á við loftslagsbreytingar af ábyrgð og réttlæti en í anda þekktra mótmælendaguðfræðinga á 20. öld leggur hann áherslu á að kristin siðfræði og kristið fólk eigi að vera virkt og hafa áhrif í samfélaginu. Kristin siðfræði er lifandi og frjó, skrifar Jenkins, og boðskap hennar má nýta til breytinga á erfiðri vegferð fram undan. Leiðarljós og grunnur alls kristins starfs í heiminum er líf Jesú sem tók sér stöðu á jaðrinum með þeim sem voru kúgaðir, fátækir og útskúfaðir (sbr. Lúk 4.18). Gott dæmi um beitingu og túlkun í þá veru sé mannréttindabarátta Marteins Lúthers King. King hafi verið óhræddur við að sækja sér alls kyns verkfæri í menninguna og samfélagið sem hann síðan beitti til að andæfa mannréttindabrotum gegn blökkufólki. Ítrasta krafan hafi þó alltaf verið sú að reynast trúr hinum kristna boðskap. Í öllu því sem hann tók sér fyrir hendur hafi King litið svo á að hann væri að bregðast við boði Guðs um að sýna kærleika í verki.⁴⁶

Hvað loftslagsbreytingarnar áhrærir leggur Jenkins á það áherslu að aðstæðurnar í heiminum séu fordæmalausar og því bjóðist engar þekktar leiðir inn í framtíðina. Því reyni á hugmyndaauðgi sem aldrei fyrr. Hugmyndaauðgina vill hann gjarnan

⁴³ Sallie McFague, *A New Climate for Theology*, bls. 73. (Lausleg þýðing greinarhöfundar.)

⁴⁴ Willis Jenkins, *The Future of Ethics: Sustainability, Social Justice, and Religious Creativity*, Washington, DC: Georgetown University Press, 2013.

⁴⁵ Willis Jenkins, *The Future of Ethics*, bls. 1, 72.

⁴⁶ Hér má benda á að Jenkins styðst við skrif Traci C. West sem er þeldökkur, feminískur guðfræðingur sem hefur skrifað um kynþáttahyggju og siðfræði andstöðunnar en hún hefur rannsakað starfsemi ýmissa grasrótar- og aðgerðahópa sem voru á vettvangi á sama tíma og t.d. Marteinn Lúther King og Niebuhr-bræðurnir, Reinhold og Richard. West hefur sýnt fram á hvernig þessir miklu andans menn nýttu sér baráttuaðferðir hinna kúguðu sem uppsprettu fræðilegra hugleiðinga um andstöðu og baráttu gegn félagslegu óréttlæti. Sjá Traci C. West, *Wound of the Spirit: Black Women, Violence and Resistance Ethics*, New York og London: New York University Press, 1999, og *Disruptive Christian Ethics: When Racism and Women's Lives Matter*, Louisville: Westminster John Knox Press, 2006.

sækja til frjálsra félagasamtaka og grasrótarhópa, í samtíð og fortíð, og segir að skapandi aðgerðir og útsjónarsemi slíkra hópa sé gott innlegg í siðfræði sem hafi það markmið að bregðast við loftslagsbreytingunum. Nauðsynlegt sé að nýta sér innsæi slíkra hópa jafnvel þótt mismunandi aðilar séu innbyrðis ólíkir í baráttu- aðferðum sínum og skoðunum. Mikilvægast sé að vera með opinn huga og tilbúinn að læra af áræði annarra. Skapandi þróttur slíkra baráttuhópa geti verið hvatning og dæmi til eftirbreytni.⁴⁷

Þannig opnar Jenkins fyrir fjölbreytileg viðhorf og nálganir og þar með auðvitað líka kristin tákni og frásagnir. Einnig þetta góss skal vera meðal þeirra bjargráða sem kristin siðfræði getur nýtt til að varpa ljósi á hversu alvarlegar kringumstæðurnar sem ríkja nú víða í heiminum eru. Kristnir siðfræðingar þurfa að læra að vinna með alls konar hópum. Hnattrænar loftslagsbreytingar kalla á hnattræna samstöðu í þeirri merkingu að kristin siðfræði verði að teygja sig yfir landfræðileg og menningarleg mörk og hindranir og leitast við að taka sameiginlega ábyrgð á vistfræðilegum vandamálum. Verkefni kristinnar hnattrænnar siðfræði á tímum loftslagsbreytinga sé því ekki síst það að skapa tengsl milli hinna mörgu ólíku hópa sem þegar eru á vettvangi og vilja jörðinni vel — að þróa vináttu og samstarf milli þeirra þótt á ólíkum grundvelli sé byggt. Ekki þurfi að dvelja við ólík viðhorf og gildi eða vísa til altækra lögmála og reglna um mannlegt eðli heldur skal fjölbreytileikanum fagnað og litið á hann sem trausta og skapandi undirstöðu aðgerða sem allar beinast að því að sporna gegn verstu hugsanlegu afleiðingum loftslagsbreytinganna. Áherslan er því fyrst og fremst lögð á samúð og mannúð eða með öðrum orðum: kærleika í verki.

Hið sameiginlega meðal ólíkra hópa eru hugsjónirnar og vonin um framtíð, að mati Jenkins. Samstarfið, vináttan og vonin verði bæði uppspretta og akur sem skapi og hlúi að krafti og áræði sem séu nauðsynlegir en ekki nægjanlegir þættir til að takast á við vandamálin og vinna að því að umbreyta ranglátu heimskerfi í réttlátara og betra. Þótt öll verkefni breyti ekki alltaf miklu geti skapast dýrmæt reynsla sem nýta megi fyrir ný og skapandi verkefni.⁴⁸

Lokaorð

Vonleysi, sorg og söknuður eru ekki óalgengar tilfinningar hjá fólki sem helgar sig umhverfisbaráttu. Vandamálin virðast oft og tíðum óyfirstíganleg, skilningur á þeim af skornum skammti og allt of fáir tilbúnir að aðhafast eitthvað í málunum. Hvert er framlag kristinnar vistguðfræði og siðfræði þegar kemur að þessum spurningum? Gætir þar vonleysis frammar öðru eða glittir í vonina og, ef svo er, hvað merkir það? Ég ætla að ljúka greininni á örfáum orðum um vonina.

Eftir Karli Marx er haft að trúarbrögð séu líkt og andvarp kúgaðs manns eða sem hjartað í hjartalausum heimi. Marx setti þetta sjónarmið fram sem gagnrýni, fullviss um að boðun kristinnar trúar skapaði falsvonir meðal manna, vonir sem gengju út á að hægt væri að frelsast frá ömurleika heimsins og eignast sæluvist á hinnum að loknu þessu lífi. Þetta eru gildar ábendingar hjá Marx því að vissulega

⁴⁷ Willis Jenkins, *The Future of Ethics*, bls. 50–59.

⁴⁸ Sama heimild, bls. 111–120.

er það rétt að margar kristnar kirkjur, í sögu jafnt sem samtíma, hafa lagt slíkar draumkenndar áherslur. Fólki hefur verið uppálagt að þreyja og vona og bíða þess að eynd þessa heims lyki. Eftir það tæki við líf í sæluveröld. Slíka von finn ég ekki hjá þeim kristnu siðfræðingum sem fjallað hefur verið um í þessari grein. Þvert á móti er hið jarðlega og holdlega í brennidepli: Lífið hér og nú, jörðin og heimurinn. Heimurinn er líkami Guðs, segir McFague, en sú líking er til þess gerð að við skynjum viðkvæmni jarðarinnar, hið mjúka hold hennar sem auðveldlega er hægt að særa og deyða. Þá eru þjáningar þeirra sem lifa á jörðinni, manna og dýra, líka dregnar fram sem sýna hið mikla óréttlæti af völdum mannlegra aðgerða.

Í þeirri von sem má skynja í vistsiðfræði guðfræðinganna þriggja felst ekki afneitun á vistkerfisvandnum. Það sem við upplifum sem vonlaust þarf ekki endilega að vera það! Að örvænta getur verið fyrsta skrefið í átt að aðgerðum. Að átta sig á að jörðin, eins og við höfum þekkt hana, er að breytast í óbyggilegan stað fyrir stóran hluta mannkyns kallar á örvæntingu en samtímis getur það að horfast í augu við staðreyndir blásið manni baráttuanda í brjóst. Örvæntu, viðurkenndu og aðhafstu! Þetta eru þrjú stig sem edlilegt er að fara gegnum með staðreyndir um afleiðingar loftslagsbreytinga í huga áður en við getum gefið okkur voninni á vald. Örvænting er edlileg mannleg viðbrögð við nýjum, skelfilegum veruleika. Við megum ekki afneita þeim veruleika. Þótt stundarörvænting grípi okkur þarf það ekki að þýða algera uppgjöf, þvert á móti er vonleysið mögulegur undanfari viðurkenningar á vandnum og þar með fyrsta skrefið í átt að nauðsynlegum aðgerðum.

Veröldin eins og hún blasir við nú er vissulega flókin. Loftslagsbreytingarnar eru ekki eitt vandamál heldur margs konar og líklega er það svo að það er engin „lausn“ til á því vandamáli, í vanalegri merkingu þess orðs. Sama hvað stórstígum tækniframförum líður þá er ákaflega ólíklegt að mannkyn leysi loftslagsvandamál heims. Um leið og við megum ekki gefast upp ættum við að láta af innantómri bjartsýni. Innantóm bjartsýni líkist afneitun og uppgjöf því að hún leiðir okkur ekkert áfram. Innantóm bjartsýni dylur þá staðreynd að fátækt fólk deyr á þessari stundu um víða veröld vegna afleiðinga loftslagsbreytinga. Dýr og lífverur deyja út á hverjum degi af sömu orsökum. Þetta verður að viðurkenna, horfast í augu við staðreyndir og taka svo fyrsta skrefið í átt að kröftugum mótvægisáðgerðum. Líkt og dauðvona sjúklingur veit að batavon hans er engin skulum við viðurkenna staðreyndir, horfast í augu við þær og innleiða nýja aðgerðaáætlun í samræmi við það. Dagleg breytni okkar verður að umbreytast. Lífinu á jörðinni verður ekki áfram haldið á sömu braut og hingað til.

Kristin vistsiðfræði boðar að ögurstund sé upprunnin. Mannkyn verði að snúa frá villu síns vegar. Iðrun er annað orð yfir það. Kristnir vistsiðfræðingar hvetja til hófsemi, einfaldleika og auðmýktar gagnvart lífinu og náttúrunni allri. Þeir líta svo á að rangt sé að rjúfa tengslin við náttúruna og setja sig yfir hana, eins og maðurinn hafi gert víðast hvar. Breytingin sem þarf að eiga sér stað er þó ekki einföld. Einkum og sér í lagi mun hún taka á okkur sem erum vön að bruðla og sóa. Hvað eigum við þá að gera? Hvernig breytumst við? Það eru spurningar sem við verðum að takast á við sameiginlega og lýðræðislega sem heimur, þjóðir, hópar og einstaklingar. Þegar í stað. Kristin siðfræði er hluti af breytingarferlinu. Til að breyta þurfum við von. Von er ekki sama og bjartsýni. Bjartsýni snýst þó vissulega um

væntingar og viðhorf. Það er nauðsynlegt en ekki nægjanlegt veganesti. Hin kristna von tengist breytni. Í von tökum við til verka, oft, að því er virðist, í vonlausum aðstæðum. Í róttækri von ástundum við kærleika, miskunnsemi, mætum náunga okkar í þeim sem þurfa mest á okkur að halda hverju sinni. Vonin er iðkuð í veruleikanum, í samfélaginu, líkt og Jesús starfaði á vettvangi síns samfélags þar sem hann tókst á við illskuna og umbreytti henni. Vonin er ekki lofttegund. Vonin er það sem við iðkum — einkum og sér í lagi á neyðar og náðþrota tímum þegar öll sund virðast lokuð.